

Tilm. 2/2020/ forsætisnefndin D 2020

Fyrri skjalsnúmer A 1830/presidiet

Afgreiðsla Forsætisnefndin

Nefndarálit forsætisnefndar um

Svar við Tilm. 2/2020 – Stefnumörkun Norðurlandaráðs á sviði samfélagsöryggis verði vísað til ríkisstjórna til umfjöllunar

Tillaga

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð taki mið af svari við tilmælum 2/2020 og bíði *pólítíks samráðs* að því er varðar að Stefnumörkun Norðurlandaráðs á sviði samfélagsöryggis verði vísað til ríkisstjórna til umfjöllunar

Skýring

[Stefna Norðurlandaráðs á sviði samfélagsöryggis](#) er ítarleg og varðar marga ólíka málaflokka. Því hafa borist mörg hlutasvör frá mismunandi ráðherrum. Samantekt allra svaranna má finna hér fyrir neðan: Svarið í heild sinni er meðfylgjandi.

Tilmælin sem ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum hafa svarað hljóða sem hér segir:

að taka afstöðu til stefnumörkunar Norðurlandaráðs á sviði samfélagsöryggis og senda Norðurlandaráði ítarlegt svar um hvort ríkisstjórnirnar og Norræna ráðherranefndin hyggist fara að öllum þeim tilmælum sem finna má í stefnumörkunarskjalinu, og þá með hvaða hætti

að gera Norðurlandaráði skýra grein fyrir ástæðum þess að ákveðið hefur verið að fara ekki að öllum tilmælunum, ef um slíkt er að ræða

Samantekt

Samantektin hér fyrir neðan fylgir sömu skiptingu og í sjálfri stefnumörkuninni.

SKÝRT NORRÆNT UMBOÐ

- að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum meti hvernig fari best á að nýta Norrænu ráðherranefndina í samstarfi um norræna utanríkis- og öryggismálastefnu, þar á meðal norrænt samstarf um samfélagsöryggi og almannavarnir, og til að hún*



veiti því stuðning.

SVAR: Ríkisstjórnirnar telja að utanríkis- og öryggismál séu almennt séð í góðum farvegi. Vísað er til skýrslu Björns Bjarnasonar og þess að Norræna ráðherranefndin eigi í „verulegum alþjóðlegum samskiptum, sem á sumum sviðum geti einnig stutt við forgangsmál á sviði utanríkismála“. Að auki vísa ríkisstjórnirnar til framtíðarsýnar Norrænu ráðherranefndarinnar þar sem einnig er stefnt að auknu alþjóðlegu samstarfi. Liður í þessu væri „stofnun nýs varanlegs sjóðs, þar sem sendiráð norrænu ríkjanna gætu hlotið styrki í starfsemi, sem styður sameiginleg áherslusvið.“ Þegar kemur að samfélagsöryggi vísa ríkisstjórnirnar til þess að Norræna ráðherranefndin vinni nú þegar að nokkru marki með málið „þar á meðal með orkumál, matvælaöryggi og heilbrigðismál“.

SKÝRARA NORRÆNT SKIPULAG OG FORYSTA

- *að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum skipi óháða nefnd sem falið verði að meta hvernig bestum árangri verði náð af norrænu samstarfi um samfélagsöryggi.*

SVAR: Ríkisstjórnirnar svara þessu ekki beint en vísa meðal annars til þess að „Ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum styðji öflugt samnorrænt samstarf um samfélagsöryggi og að Norðurlöndin kanni reglulega þörfina á að þróa samstarfið frekar á vegum Haga-samstarfsins.“

- *að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum meti hvort stjórnunarferlar norræns almannavarnarsamstarfs séu nægilega skýrir og hvað þurfi að skýra frekar.*

SVAR: Ríkisstjórnirnar svara meðal annars að „Norrænt almannavarnarsamstarf sé hagnýtt samstarf almannavarna í löndunum og að þeim sé hagað á ólíkan hátt á Norðurlöndunum. Almannavarnarsamstarfinu er meðal annars slegið föstu í nokkrum yfirlýsingum, nú síðast Kaupmannahafnaryfirlýsingunni sem samþykkt var í febrúar 2020 um aukið samstarf í tengslum við afleiðingar ofsaveðurs í ljósi loftslagsbreytinga.“

- *að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum semji/uppfæri yfirlit um sameiginlegar bjargir og viðbragðsmöguleika og samnorrænt áhættumat og viðbúnaðaráætlun.*

SVAR: Ríkisstjórnirnar benda á að „Það eru nokkrar hagnýtar og aðferðafræðilegar áskoranir tengdar gerð samnorræns áhættumats, auk þess sem samnorrænt áhættumat við fyrstu sýn er ekki talið skila virðisauka umfram heildstætt áhættumat í hverju landanna fyrir sig“. Auk þessa er vísað til þess samstarfs sem þegar er til staðar, þar á meðal einnig innan ramma NORDEFECO, ESB og NATÓ.

- *að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum semji svo fljótt sem kostur er raunhæfa áætlun í því skyni að koma auga á og afnema stjórnsýsluhindranir fyrir norrænu samstarfi um samfélagsöryggi og viðbúnað við vá og neyð.*

SVAR: Í svari sínu nefna ríkisstjórnirnar ekkert um beina áætlun en vísa til Haga-samstarfsins og NORDRED (Norrænt samstarf um björgunarmálefni): „Ráðherrafundunum á vegum Haga-samstarfsins er meðal annars ætlað að styðja og



þróa almannavarnarsamstarfið. Þegar að aðgerðum kemur geta Norðurlöndin aðstoðað hvert annað yfir landamæri með mið af NORDRED (Norrænt samstarf um björgunarmálefni)".

- *að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum vinni kerfisbundna áætlun um samnorrænar æfingar og námskeið í neyðarviðbrögðum og leggi til þess það sem þarf.*

SVAR: Ríkisstjórnirnar láta í svari sínu engan vilja í ljós til kerfisbundinnar áætlunar um samnorrænar æfingar, en vísa meðal annars til þess að „Námskeið í boði á vegum norrænnar björgunarþjónustu eru þegar opin öðrum norrænum þátttakendum" og að *Nordisk chefkursus* (Norrænt námskeið yfirmanna) hafi verið haldið árlega síðan 2011. Að því er varðar fjármagn benda ríkisstjórnirnar á að sækja megi um fjárstuðning til sérfræðingaskipta í gegnum ESB-áætlunina „Exchange of Experts in Civil Protection". Þar fyrir utan er ekkert nefnt um fjármögnun.

- *að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum meti hvort „norrænt notagildi" og tækifæri norrænu þjóðanna til samvinnu hafi verið könnuð svo að fullnægjandi sé.*

SVAR: Ríkisstjórnirnar vísa meðal annars til Haga-samstarfsins þar sem norrænu ráðherrarnir í október 2019 náðu samstöðu um „að vinna að þróun norræns samstarfs á sviði skógar- og náttúruelda, norræns samstarfs um CBRN (vörn gegn íðefnum og lífrænum efnum og geisla- og kjarnamengun) og norræns samstarfs um neyðarfjarskipti." Að því er varðar athugasemd Norðurlandaráðs um að Finnland, Svíþjóð og Noregur eigi gott samstarf á mörgum sviðum, sem Ísland og Danmörk eru ekki hluti af, svara ríkisstjórnirnar að þetta sé einkum vegna „sameiginlegra landamæra milli þessara landa (andstætt landamærum að sjó)."

UPPBYGGING FRIÐAR OG FYRIRBYGGJANDI AÐGERÐIR GEGN ÁTÖKUM

- *að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum efli norrænt samstarf um uppbyggingu friðar og fyrirbyggjandi aðgerðir gegn átökum.*
- *að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum og Norðurlandaráð leggi mat á hvernig hugsanlegt sé að fylgja eftir tillögum í skýrslunni *New Nordic Peace* (Nýjum norrænum friði) frá því í apríl 2019.*

SVAR: Ríkisstjórnirnar lýsa góðu norrænu samstarfi á ólíkum vettvangi og lýsa yfir vilja til enn nánara samstarfs í framtíðinni. Að því er varðar skýrsluna svara þær: „Á grundvelli Nýs norræns friðar 2019 áforma Norðurlöndin að stíga fyrsta skrefið í þá veru árið 2020 og skipa óformlegan starfshóp, sem á að kortleggja möguleika á nánara norrænu samstarfi á sviði uppbyggingar friðar og fyrirbyggjandi aðgerða gegn átökum."

NETÖRYGGISMÁL

- *að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum leitist við að dýpka samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna um netöryggi.*
- *að þær sjái til þess að sameiginlegum ástandsskýrslum um ógnir og hættur í netumhverfi sé miðlað jafnóðum milli norrænu landanna og Eystrasaltsríkjanna.*



SVAR: Ríkisstjórnirnar lýsa nánu og skilvirku samstarfi Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkjanna og vísa meðal annars til árlegra norræn-baltneskra samræmingarfunda um netöryggismál sérstaklega. Þær nefna norræna CERT-samstarfið NCC og að „Norðurlöndin miðli reglulega viðeigandi upplýsingum, þar á meðal mati á aðsteðjandi ógnum, tvíhliða með Eyrstrasaltsríkjunum.“

- *að þær sjái til þess að norrænu löndin tryggi eftir fremsta megni að þau landanna sem standa utan ESB eða NATÓ hafi aðgang að samstarfi um netöryggi sem fram fer á vettvangi þessara stofnana.*

SVAR: Ríkisstjórnirnar benda á að „Norðurlöndin miðli reglulega upplýsingum sín á milli um helstu málefni, m.a. í hópi NB8-ríkja, sem einnig nær til ríkja, sem eru ekki aðildarríki ESB eða NATÓ. Í tengslum við árlegu norrænu fundina er skipst á upplýsingum um aðgerðir og þróun mála á sviði netmála innan bæði ESB og NATÓ í þágu þeirra ríkja Norðurlanda, sem eru ekki aðildarríki“. Einnig er vísað til ENISA (European Union Agency for Cyber Security) og NIS Cooperation Group, og að vel færi á að Noregur og Ísland gætu tekið þátt til jafns við hin Norðurlöndin.

- *að netöryggi verði mikilvægur þáttur í samnorrænu samráði yfir Atlantshafið um stefnuna í varnarmálum.*

SVAR: Ríkisstjórnirnar svara í raun ekki þessari tillögu þar sem þær hafa sleppt úr orðunum yfir Atlantshafið í svarinu.

ALMENNT ÖRYGGI OG LÖGREGLUSAMSTARF

- *að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum þrói og aðlagi lögreglusamstarf landanna til að leysa vanda sem stafar af úrræðaskorti og af nýjum ógnum.*

SVAR: Ríkisstjórnirnar vísa meðal annars til norrænu viljayfirlýsingarinnar. Á vegum formennskuáætlunar Dana árið 2020 verður „áfram lögð áhersla á aukid lögreglusamstarf á Norðurlöndum og uppfærð stöðuskýrsla um þá vinnu verður lögð fram á fundi dómsmálaráðherranna 31. ágúst 2020.“

- *að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum efli norrænt lögreglusamstarf um netvarnir og lögreglurannsóknir (tæknirannsóknir lögreglu).*

SVAR: Ríkisstjórnirnar vísa einkum til norræns samstarfs um að vinna gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum á netinu. Einnig er vísað til samnorrænnar námsbrautar í „vettvangs- og upplýsingatæknirannsóknnum“ ásamt ýmsum ráðstefnum og starfshópum. Á vegum formennskuáætlunar Dana vill danska lögreglan „koma á fót starfshópum um Norðurlöndin öll í því skyni að efla norrænt samstarf á sviði netglæpa“. Þess er getið að stofnun starfshópanna „hefur seinkað vegna COVID-19.“



- *að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum kanni hvort til séu svið þar sem lögreglan og varnarlið í norrænu löndunum eigi að taka upp nánara samstarf og samhæfa aðgerðir sínar til að standa betur að vígi gegn hugsanlegum ógnum.*

SVAR: Ríkisstjórnirnar vísa meðal annars til NOFOPS (Norræns vettvangs um samstarf um lögregluaðgerðir) þar sem samstarf lögreglu og varnarliða er rætt reglulega. Málið mun einnig verða rætt nánar á vegum formennskuáætlunar Dana fyrir norræna yfirmenn lögreglu árið 2020.

- *að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum miðli frekar en gert er upplýsingum um árangursríkar aðferðir til að vinna gegn fjölþættri undirróðursstarfsemi og netógnum og að þær kanni hvort ástæða sé til að þróa og samhæfa betur aðgerðir varnarliðs og almannavarna í þessu skyni á einhverjum sviðum.*

SVAR: Vísað er til framtíðarsýnar NORDEFO um að „vinna á virkan hátt að auknu norrænu mótstöðuafli (*resilience*) gegn fjölþættri undirróðursstarfsemi og netógnum.“ Á vegum formennskuáætlunar Dana í HAGA-samstarfinu árið 2020 er að auki reiknað með að fjallað verði um netógnir í tengslum við COVID-19 farsóttina.

- *að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum skiptist í ríkara mæli á upplýsingum um bestu starfsvenjur í því skyni að fá atvinnulíf, sveitarfélög og almenning til þátttöku í viðbúnaði við vá eða neyð.*

SVAR: Ríkisstjórnirnar vísa meðal annars til norræna samstarfsvettvangsins Nordic Cooperation Forum sem kemur saman í tengslum við fundi um almannavarnir innan ESB (PROCIV) og NATÓ (CEPC) og „Haga-embættismannahópsins“. Sveitarfélaga, atvinnulífs og almennings er ekki getið sérstaklega. Þess í stað er bent á „að viðbúnaði við vá eða neyð og verkaskiptingunni er hagað á ólíkan hátt í löndunum, m.a. með tilliti til sögu, hefða og löggjafar.“ Innan ramma norræns samstarfs lögreglustjóra eru haldnir vikulegir fjarkynningarfundir (til þessa einungis með þátttöku Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur).

SKÓGARELDAR OG BRUNAR SEM KOSTA MANNSLÍF

- *að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum leggi mat á möguleikana á samnorrænum flota slökkviflugvéla.*

SVAR: Ríkisstjórnirnar nefna ekki sérstaklega samnorrænan flota, en geta þess að samþykkt hafi verið „nokkur bein verkefni varðandi miðlun þekkingar og að komið hafi verið á fót nokkrum verkefnum sem miða að því að auka afkastagetu í norrænu löndunum varðandi slökkvistarf með slökkviliðsflugvélum“. Ríkisstjórnirnar skýra ekki nánar hvers konar verkefni er um að ræða.

- *að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum semji samnorræna áætlun um brunavarnir.*

SVAR: Vísað er til góðs samstarfs, en „ólík nálgun í löndunum á sviði löggjafar um brunavarnir veldur hins vegar vandkvæðum við að koma á bindandi samnorrænni



áætlun um brunavarnir. Leiðin fram á veginn fyrir Norðurlöndin ætti því áfram að vera miðlun þekkingar og gagna auk beins samstarfs um forvarnir og þróun viðbúnaðar.“

MATVÆLA- OG ORKUDREIFING

- *að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum geri úttekt á hvernig norrænt orkumálasamstarf geti stuðlað að auknu afhendingaröryggi.*

SVAR: Ríkisstjórnirnar vísa meðal annars til framtíðarsýnar forsætisráðherranna um að Norðurlöndin verði samþættasta og sjálfbærasta svæði heims. „Við framkvæmd framtíðarsýnarinnar mun áframhaldandi þróun núverandi umfangsmikils samstarfs um orkumál vera tekin með.“ Svar ríkisstjórnanna um sjálfa úttektina er nokkuð óljóst.

- *að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum geri áhrifamat á matvæladreifingu á Norðurlöndum ef alvarleg vá steðjar að.*

SVAR: Ríkisstjórnirnar svara að „Í ljósi reynslunnar af COVID 19 er talið við hæfi að ræða hvort hrinda skuli af stað áhrifamati á matvæladreifingu á Norðurlöndum ef alvarleg vá steðjar að líkt og núverandi COVID-19 farsótt“.

SAMSTARF Í HEILBRIGÐISMÁLUM

- *að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum samræmi aðgerðir til að tryggja framboð á mikilvægum lyfjum og öðrum búnaði til lækninga.*

SVAR: Meðal annars er vísað til vel heppnaðs innkaupasamnings milli Danmerkur, Noregs og Íslands og að „Hinum Norðurlöndunum er hjartanlega velkomið að taka þátt í fyrirkomulaginu.“ Auk þessa er vísað til norrænna starfshópa sem vinna með málefni tengd framboði og að almennt séð sé „náð norrænt samstarf á sviði bóluefna, einnig á vettvangi ESB“. Einnig er vísað til yfirstandandi viðræðna um stefnumörkun ESB í lyfjamálum.

- *að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum efli samstarfið um heilbrigðismál í því skyni að bæta viðbúnað sinn vegna árásar á eitthvert landanna.*

SVAR: Ríkisstjórnirnar vísa til Svalbarðahópsins sem meðal annars hefur „komið á fót kerfi um samstarf á Norðurlöndum um sjúklinga með brunasár eftir meiriháttar slys“. Svalbarðahópurinn er auk þess í augnablikinu „að meta möguleikann á að þróa tæki til samstarfs um sjúkraflutninga (MEDEVAC) heilbrigðisstarfsfólks og sjúklinga, sem grunur leikur á að séu smituð af alvarlegum smitsjúkdómi í útlöndum“. Á meðan á COVID-19 farsóttinni hefur staðið hefur Svalbarðahópurinn hist oftar. Næstu fundir hópsins munu beina sjónum að „hvernig taka megji á hugsanlegri annarri bylgju og hvernig megji almennt séð styrkja norrænt samstarf að því er varðar COVID-19.“

CBRN-SAMSTARF (efna-, sýkla-, geisla- og kjarnaógnir)



- *að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum geri svo fljótt sem auðið er samnorrænt yfirlit um úrræði sem fyrir hendi eru til að verjast ógn af völdum CBRN og hve fljótt og vel löndin gætu aðstoðað hvert annað ef til kæmi.*

SVAR: Ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum telja tilmælin vera mjög viðeigandi. Vísað er til þróunarmarkmiða Haga-samstarfsins fyrir árin 2019–2021 „um auknar fjárveitingar í viðbrögð við alvarlegum slysum, tryggan aðgang að sérfræðipækkingu á Norðurlöndum, þróun þekkingar og samstarf ólíkra fagsviða, þar á meðal samstarf óbreyttra borgara við hersveitir. Auk þess er eitt þróunarmarkmið Haga-samstarfsins „að gera kortlagningu á hvaða úrræðum hvert landanna hefur yfir að búa til afleiðingastjórnunar og hverju megi deila þegar vá steðjar að“. Einnig er vísað til viðeigandi vinnu innan ramma ESB, NATÓ og NORDEFECO.

ALMANNAVARNIR OG BJÖRGUNARSVEITIR

- *að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum semji samnorræna áætlun til að nýta almannavarnir og björgunarsveitir sem best.*

SVAR: Á grundvelli COVID-19 kreppunnar telja ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum að „vel færi einnig á að efla samstarfið eins og kostur er meðal almannavarna og björgunarsveita“. Danska ríkislögreglan og almannavarnir í Danmörku ætla á „vegum formennskuáætlunar Dana í Norrænu ráðherranefndinni að eiga frumkvæði að því að á vegum NORDRED verði hafnar viðræður um samstarf í því skyni að efla almannavarnir og björgunarsveitir og skoða hvort afnema mætti hindranir sem standa í vegi fyrir samstarfi yfir landamæri.“

NEYÐARFJARSKIPTI

- *að ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum vinni áfram að traustum neyðarfjarskiptum óháð landamærum um öll Norðurlönd og að Danmörk og Ísland tengist norrænu neyðarneti svo fljótt sem unnt er.*

SVAR: Vísað er til þess að bæði af hálfu Danmerkur og Íslands „stendur vilji til að skoða nánar hvort mögulegt er að tengja neyðarfjarskipti við sameiginlegt net í því skyni að bæta örugg fjarskipti á svæðinu öllu.“

Álit forsætisnefndar

Málið er mjög flókið og stefnumörkun Norðurlandaráðs á sviði samfélagsöryggis er einfaldlega orðin enn brýnni í ljósi COVID-19 kreppunnar.

Ríkisstjórnirnar á Norðurlöndum telja sjálfar að langflestar tillögur stefnunnar séu „að hluta til uppfylltar“, á meðan fáeinar eru í flokknum „uppfylltar“. Sum svaranna eru skýr og ítarleg á meðan önnur svör eru ekki nægilega skýr til að meta megi hvernig ríkisstjórnirnar í raun fylgja málum eftir.

Svörin frá ríkisstjórnunum á Norðurlöndum sýna að mikil vinna er í gangi en að enn er þörf á aukinni áherslu á nánara norrænt samstarf að öruggara samfélagi. Því er lagt til



að Norðurlandaráð taki mið af svari vegna tilmæla 2/2020 og bíði eftir pólitísku samráði.

Norðurlöndum, 19. ágúst 2020

Aron Emilsson (SD)

Bertel Haarder (V)

Christian Juhl (EL)

Erkki Tuomioja (sd)

Gunilla Carlsson (S)

Hans Wallmark (M)

Heidi Greni (Sp)

Martin Kolberg (A)

Michael Tetzschner (H)

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)

Steinunn þóra Arnadóttir (VG)

Wille Rydman (saml)